

VIÐBÓT VIÐ SNJÓFLÓÐAVARNIR Í BOLUNGARVÍK, BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstað, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að miðað við núverandi aðstæður muni fyrirhugað snjóflóðavarnarvirki hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu í nágrenni við Völusteinsstræti. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af framkvæmdinni verði helst sjónræn, einkum á framkvæmdatíma. Þau verði þó ekki veruleg í ljósi þess að garðurinn verður viðbót við umfangsmikið varnarvirki sem verið er að reisa við Bolungarvík.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi fyrir snjóflóðavörnunum þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 og deiliskipulag fyrir varnarvirkin. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Bolungarvíkurkaupstaður og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og í matsskýrslu vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík árið 2007.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2010.

INNGANGUR

Í bréfi dags. 1. júlí 2010 voru tilkynnt til Skipulagsstofnunar af Eflu hf. verkfræðistofu, f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar, áform um viðbót við snjóflóðavarnir ofan byggðar í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstað, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bolungarvíkurkaupstaðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Bolungarvíkurkaupstað með tölvupósti dags. 28. júlí 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. júlí 2010, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 13. júlí 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júlí 2010 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 22. júlí 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða viðbót við snjóflóðavarnargarð sem verið er að byggja ofan við byggðina í Bolungarvík, en mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar lauk með áliti Skipulagsstofnunar í september 2007. Fyrirhuguð er að austan við varnargarðinn verði settur þvergarður, á svæði milli Hjallastrætis og Völusteinsstrætis og sunnan Stigahlíðar. Þvergarðurinn verði 14 m hár, um það bil 240 m langur og 30-65 m breiður við jörð. Fjallsmegin verði garðurinn með 12 m háan vegg, nánast lóðréttan. Sá hluti garðsins sem snúi að byggð verði með breytilegum fláa; brattast þar sem fjarlægð milli íbúðalóðar og garðs verði minnst (1,5:1) en annars staðar verði bratti minni. Lóð Völusteinsstrætis 2a verði næst garðinum (3 m) og íbúðarhús þar í 11 m fjarlægð frá garðinum.

Fram kemur að 37.000 m³ af efni þurfi í garðinn. Efni sem falli til vegna framkvæmda við Bolungarvíkurgöng og snjóflóðavarnargarðinn sem nú sé verið að byggja verði notað til fyllingar undir garðinn og uppbyggingar á bratta hluta hans, næst fjallinu (19.000 m³). Efni úr skeringum verði nýtt í fláa næst bænum (18.000 m³). Áætlað sé að verkið hefjist á árinu 2010 og því ljúki haustið 2011.

Markmið framkvæmdarinnar sé að auka öryggi íbúa í nágrenni við Völusteinsstræti.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að Bolungarvíkurkaupstaður standi á malarhjalla sem myndast hafi við framburð jökulár. Svæðið sé ekki á náttúruminjaskrá og þar séu ekki sérstakar jarðmyndanir. Litlum hólum í hlíðinni ofan Stigahlíðar, svokölluð Ból, verði ekki raskað. Áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að rigningar- og leysingarvatn sem kunnir að safnast ofan við báða varnargarðana verði veitt framhjá byggðinni í Bolungarvík og til sjávar. Fyrirhuguð framkvæmd verði utan við skilgreind verndarsvæði vatnsbóla og muni ekki hafa áhrif á neyslumatn. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar verði óveruleg.

Áhrif á gróðurfar. Fram kemur að gróðurfar hafi verið rannsakað á hluta framkvæmdasvæðisins í tengslum við mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarnargarðs sem nú sé verið að byggja ofan við byggðina í Bolungarvík. Líklegt sé að gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé sambærilegur og lýst var í matsskýrslu vegna þeirra framkvæmdar, sem leiddi í ljós að þar séu engar sjaldgæfar plöntutegundir, engin sérstök gróðurhverfi né votlendi. Búseta og langvarandi beit hafi breytt ásýnd gróðursins á svæðinu og nú sé grastegundir þar ríkjandi.

Fram kemur að allur gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði muni raskast. Í upphafi framkvæmdar verði gróðurþekju og jarðvegi ýtt til hliðar og að framkvæmd lokinni verði jarðvegurinn nýttur til þess að jafna svæðið. Síðan verði grasfræi og áburði dreift. Á einstaka stöðum verði þökur lagðar, t.d. við áningar- og útsýnisstaði. Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg.

Áhrif á fuglalíf. Fram kemur að fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi verið rannsakað í tengslum við mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarnargarðs sem nú sé verið að byggja ofan við byggðina í Bolungarvík. Á svæðinu séu ekki sjaldgæfar fuglategundir. Í graslendi neðst í hlíðum Traðarhyrnu sé þúfutittlingur ríkjandi en steindepill ofar í hlíðum fjallsins. Skógarþröstur sé ríkjandi í lúpínubreiðum við Stigahlíð.

Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á búsvæði steindepils, en búsvæði þúfutittlings muni skerðast, a.m.k. meðan á framkvæmdum stendur. Eftir uppgræðslu að framkvæmdum loknum ættu að verða skilyrði til þess að helstu fuglategundir komi inn á svæðið á ný og fuglalíf þróist í svipað horf og nú sé. Því verði áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf óveruleg.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að hlíðar Traðarhyrnu hafi verið notaðar sem útivistarsvæði, einkum vegna berjalyngs neðarlega í fjallinu. Varnargarðurinn verði neðan Bóla og því ætti útivistargildi þeirra jarðmyndana að haldast óbreytt. Eftir að framkvæmdum ljúki muni útivistargildi svæðisins verða a.m.k. svipað og nú sé. Lagðir verði göngustígar við varnargarðinn og upp á toppi hans þar sem gera eigi útsýnisstað sem skapi ný tækifæri til útivistar. Framkvæmdin muni hafa tímabundin áhrif á útivist en þau verði óveruleg eða jákvæð eftir að varnargarðurinn hafi risið.

Áhrif á landslag og staðhætti. Fram kemur að garðurinn sem nú sé verið að byggja verði um 720 m langur og um 22 m hár. Fyrirhuguð bygging þvergarðs muni lengja varnargarðana um 240 m. Ljóst sé að mannvirki til snjóflóðavarna fyrir ofan byggðina í Bolungarvík verði áberandi í landslagi bæjarins um fyrirsjáanlega framtíð. Áhrif þess að bæta við þvergarði muni þó litlu breyta fyrir sjónrænu áhrifin í heildina. Að framkvæmdum loknum verði landið grætt upp og mótað samkvæmt tillögum landslagsarkitekta.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að ekki sé vitað hvort fornleifaskráning hafi verið gerð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Gagna um fornleifar á svæðinu verði aflað í samráði við Fornleifavernd ríkisins áður en ráðist verði í framkvæmdir. Ef fornleifar komi í ljós meðan á framkvæmdum standi verði framkvæmdir stöðvaðar og haft samband við Fornleifavernd ríkisins. Beðið verði ákvörðunar Fornleifaverndar ríkisins um hvort halda megi áfram framkvæmdum og með hvaða skilmálum.

Áhrif á snjósöfnun. Fram kemur að við mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarnargarðs sem nú sé verið að byggja við Bolungarvík hafi komið fram athugasemdir um að snjór gæti safnast fyrir við hús næst garðinum. Búið sé að breyta upprunalegri hönnun og formi garðsins þannig að meira rými verði milli garðs og íbúðarhúsa en áður var gert ráð fyrir. Árið 2009 hafi verið gerð athugun á snjósöfnun vegna snjóflóðavarnargarðsins og niðurstöður notaðar við hönnun á fyrirhuguðum viðbótargarði svo draga megi úr mögulegri snjósöfnun. Því má ætla að snjósöfnun í kringum fyrirhugaðan varnargarð muni ekki valda vandræðum.

Áhrif á hljóðvist og loftgæði. Fram kemur að fyrirhugaður varnargarður verði viðbót við þær snjóflóðavarnir sem verið sé að reisa í Bolungarvík og muni verða hluti af þeim framkvæmdum. Verklag og mótvægisáðgerðir verði því eins og kynnt var í

matsskýrslu um snjóflóðavarnir í Bolungarvík árið 2007. Hús næst garðinum verði girt af, verktakar megi ekki fara út fyrir framkvæmdasvæðið, framkvæmdir muni ekki ná inn á íbúðalóðir nema í undantekningatilvikum og þá í samráði við húseigendur og þegar aðstæður kalla á verði framkvæmdasvæðið rykbundið. Fram kemur að framkvæmdir muni standa yfir í fimm mánuði á ári og því verði ekki settar takmarkanir á vinnutíma. Hávaði við hús næst framkvæmdasvæðinu muni fara yfir viðmiðunarmörk sem gefin séu í reglugerð um hávaða, einkum í upphafi framkvæmdar. Áætlað sé að sprengingar hefjist seinni hluta fyrsta framkvæmdaársins, þær verði auglýstar og framkvæmdar í samræmi við reglugerð um sprengiefni.

Samfélagsleg áhrif. Fram kemur að fyrirhugaður varnargarður muni minnka áhættu íbúa vegna snjóflóða. Í reglugerð um hættumat vegna ofanflóða séu skilgreind þrjú hættusvæði (A-C) sem miðist við dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða (svokölluð staðaráhætta). Vegna fyrirhugaðs varnargarðs muni hús sem nú falli undir hættusvæði C (staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári) færast á hættusvæði B (staðaráhætta 1 til 3 af 10.000 á ári) og hús sem nú falli undir hættusvæði B muni færast á hættusvæði A (staðaráhætta 0,3 til 1 af 10.000 á ári). Hús sem nú séu á hættusvæði A muni lenda utan hættusvæða. Framkvæmdin mun því hafa verulega jákvæð áhrif á öryggi íbúa á svæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Verið sé að vinna nýtt aðalskipulag fyrir Bolungarvík (2008-2020) þar sem gert sé ráð fyrir snjóflóðavarnargarði, sem nú er í byggingu, og viðbót við hann til austurs (tilkynnt framkvæmd).

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Bolungarvíkurkaupstaður, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á vatnafar. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á vatnstöku fyrir byggð í Bolungarvík.

Áhrif á landslag og staðhætti. Umhverfisstofnun bendir á að í álit Skipulagsstofnunar vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík árið 2007 hafi sjónræn áhrif varnarmannvirkja í Bolungarvík verið talin helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur að svo eigi einnig við um fyrirhugaða viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Viðbótin sé þó tiltölulega lítil framkvæmd sem líklega muni ekki hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, hvorki ein sér né með þeim snjóflóðavörnum sem verið sé að byggja. Umhverfisstofnun tekur undir áður nefnt álit Skipulagsstofnunar um að draga megi úr sjónrænum áhrifum með mótun fláa og uppgræðslu.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að Minjavörður Vestfjarða hafi skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði og engar fornleifar fundið.

Áhrif á hljóðvist. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á að framkvæmdasvæðið verði nálægt íbúðabyggð og taka þurfi tillit til íbúa þegar að framkvæmdum komi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða viðbót við snjóflóðavarnargarð sem verið er að byggja ofan við byggðina í Bolungarvík, en mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar lauk með álitni Skipulagsstofnunar í september 2007. Byggður verður þvergarður austan við þann varnargarð sem nú er verið að reisa, á svæði milli Hjallastrætis, Stigahlíðar og Völusteinsstrætis. Þvergarðurinn verður 14 m hár, um það bil 240 m langur og 30-65 m breiður við jörð. Fjallsmegin verður garðurinn að mestu nánast lóðréttur (12 m hár veggur), en að byggð verður breytilegur flái; brattast þar sem minnsta fjarlægð verður milli íbúðarlóðar og garðs (flái 1,5:1) en annars staðar verði bratti minni. Frá varnargarði í íbúðarlóð verður fjarlægð styst 3 m en stysta fjarlægð í íbúðarhúsi 11 m. Til verksins þarf 37.000 m³ af efni: 19.000 m³ komi úr Bolungarvíkurgöngum og falli til við gerð snjóflóðavarnargarðsins sem verið er að byggja í Bolungarvík og 18.000 m³ úr skeringum í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eflu hf. verkfræðistofu, f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar, við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að viðbót við snjóflóðavarnir ofan byggðar í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstað, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að miðað við núverandi aðstæður muni fyrirhugað snjóflóðavarnarvirki hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu í nágrenni við Völusteinsstræti. Skipulagsstofnun telur ljóst að talsvert ónæði verði af framkvæmdum í íbúðabyggð í nágrenni við varnarvirkin, einkum í byrjun þeirra þegar varnargarðurinn hefur ekki náð þeirri hæð að hann nái að skerma af hávaða frá vinnuvélum og efnisflutningabifreiðum. Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík (27. september 2007) taldi stofnunin eðlilegt að á meðan fyrrgreint ástand varir setji Bolungarvíkurkaupstaður, að höfðu samráði við íbúa næst framkvæmdasvæðinu, takmarkanir á vinnutíma stórra vinnutækja til þess að draga úr ónæði. Skipulagsstofnun ítrekar þessi tilmæli, enda verður fyrirhuguð viðbót varnarvirkja hluti af þeirri framkvæmd.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af framkvæmdinni verði helst sjónræn, einkum á framkvæmdatíma. Þau verði þó ekki veruleg í ljósi þess að garðurinn verður viðbót við umfangsmikið varnarvirki sem verið er að reisa við Bolungarvík. Þegar framkvæmdum lýkur munu snjóflóðavarnargarðarnir verða mest 20 m háir og samanlagt tæplega 1.000 m langir og því verða mjög áberandi í byggðinni og hafa neikvæð áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðisins. Bóðað er að varnargarðarnir verði formaðir og græddir upp, sem Skipulagsstofnun telur að draga muni úr neikvæðum sjónrænum áhrifum mannvirkjanna.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Áður en sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi fyrir snjóflóðavörnunum þarf að liggja fyrir staðfest Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 og deiliskipulag fyrir varnarvirkin. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér


mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Bolungarvíkurkaupstaður og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og í matsskýrslu vegna snjóflóðavarna í Bolungarvík árið 2007.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulags
stofnun